

Þriðji fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn þriðjudaginn 15. nóvember, 2011, kl. 19.30 að heimili Þórunnar Björnsdóttur, Kópavogsbraut 18, Kópavogi.

Fyrirlesari: Helga Jónsdóttir, ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning.**Formaður, Kristín Jónsdóttir, kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi, setti fund kl. 19.35 og bauð konur velkomnar. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 26 konur fundinn.

2. **Fundargerð síðasta fundar.**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð fundar 20. október, sl. og var hún samþykkt.

3. **Ýmis mál.**Gjaldkeri sagði frá því að allir deildarfélagar hefðu greitt félagsgjöld og staða fjármála væri góð. Formaður minnti á næsta fund mánudaginn 5. des. nk. heima hjá Ragnhildi Þórarinsdóttur en þá mun Sólveig Eggerz rithöfundur kynna bók sína *Selakonan*. Hún sagði einnig frá því að á vef samtakanna væri auglýsing um bókina *Á rauðum sokkum*. Formaður minnti á alþjóðasambandsþingið í New York 28. júlí nk. og vorþingið í lok apríl sem fram fer í Þjóðmenningarhúsinu.

4. **Orð til umhugsunar.**Þau flutti Pálína Jónsdóttir. Hún ræddi um siðgæði og aga í skólum. Hún vitnaði í bók Páls Skúlasonar, *Pælingar*, og las glefsur úr bókinni.

5. **Konur og stjórnsýsla.**Formaður kynnti gest fundarins Helgu Jónsdóttur, ráðuneytisstjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Helga er lögfræðingur að mennt og hefur m.a. verið aðstoðarmaður ráðherra, borgarriti og bæjarstjóri, auk þess sem hún var hjá Alþjóðabankanum í Washington DC. Hún sagði borgarritarastarfið vera sér kærast.

Í upphafi máls síns ræddi Helga hugtakið stjórnsýsla sem er þýðing á enska orðinu public administration og er e.t.v. ekki nógu góð þýðing. En störf hennar hafa fyrst og fremst verið þar sem stjórnsýsla fer fram. Helga hefur beitt sér fyrir umbótum í stjórnsýslu allt frá því hún gerði handbók um meðferð mála í forsætisráðuneytinu. Hún sagði stjórnsýslu hafa þróast hægt hér á landi og framfarir of hægar. Hún bar okkur saman við Danmörku þar sem allt hefði meiri festu og meiri virðing borin fyrir stjórnmalunum og þinginu. Hér er nú skortur á trúnaðartrausti á milli þings og stjórnsýslu.

Hjá Alþjóðabankanum kynntist Helga því hvernig bankinn, sem varð til í því augnamiði að reisa Evrópu úr rústum eftir stríðið, setti skilyrði fyrir lánum sínum til einstakra ríkja. Við Íslendingar fengum t.d. lán fyrir raforkukerfi okkar. Það var því vel gert, því lánunum fylgdu ströng skilyrði um vinnubrögð. Nú kemur aginn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hefur verið okkur til mikils góðs. Með góðum og öguðum vinnubrögðum á Helga við að það sé góð greining, bestu sérfræðingar fari í gegnum forsendur, reynsla sé nýtt og fólki haldið sátu með öguðum vinnubrögðum.

Helga fékk hvatningu til að sækja um borgarritaraembættið. Árin hjá borginni, rúmlega 10 að tölu, þóttu henni skemmtileg og árangursrík og hún telur tímabil sem standa mun með sérstöðu í sögu stjórnsýslu. Stefnt var að því að búa til kjarna samhæfðra stjórnenda og sérfræðingar fengnir til að kenna stjórnun, árangursstjórnun og stefnumiðaða stjórnun. Þetta var álag og sumir eldri stjórnendur, allir karlar, ákváðu að fara. Því var unnt að auglýsa nokkuð mörg stjórnunarstörf. Það varð samstaða um vinnubrögð til fyrirmyndar, sagði Helga. Allt var skráð, ferlar og starfslýsingar skilgreindar og tillögur varð að undirbyggja. Kannski voru skilgreiningar á ábyrgð mikilvægastar. Þetta er ekki eins skýrt hjá ríkisvaldinu.

Helga var bæjarstjóri í Fjarðarbyggð frá september 2006 til vors 2010. Hún flutti með sér reynsluna frá Reykjavík austur og var þar í mjög góðu sambandi við fulltrúa í bæjarstjórninni. Þar var nánast aldrei ágreiningur um neitt, allt samþykkt í samstöðu. Þarna var samfélag sem

gjörbreyttist á stuttum tíma með tilkomu álversins. Margt var til fyrirmyndar, t.d. móttaka nýbúa, ekki bara erlendra nýbúa. Helgu þótti dýrmætt að reyna það að búa út á landi, kynnast sjávarútveginum, lífi fólksins og svæðinu. Viðhorf hennar breyttust og þroskuðust, en þetta var oft mjög erfitt og jafnvel erfiðara að flytja austur en flytja á sínum tíma til Washington DC.

Nú er hún ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Löggjafarvinnan er sérlega flókin núna, allt er svo brýnt, þarf að gerast svo fljótt, mikil óþolinmæði og engin fordæmi. Við vorum lánsöm, sagði Helga, að skuldir bankanna lentu ekki á skattborgurunum eins og í sumum öðrum löndum.

Að lokum var Helga m.a. spurð um reynslu sína af því að vinna með karlmönnum. Hún sagði að þegar konur verða nægilega stór hópur, t.d. í stjórnun, eins og varð um tíma hjá Reykjavíkurborg, tala þær á eigin forsendum í stað þess að tala eins og karlaheimurinn gerir. Konur höfðu meira sjálfstraust því þær fundu áhrif sín. Konur höfðu nú fyrstu röddina, sagði hún. Dæmi þar um var áhersla R-listans á leikskólamálin sem alltaf höfðu verið hornreka áður. Helgu kom á óvart hve ráðuneytin unnu lítið saman, t.d. ekki sameiginleg stjórnunarnámskeið fyrir stjórnendur. Í Danmörku fannst henni svo skýrt að það var skýr stefna ríkisstjórnar og allir, bæði stjórnmalamenn og embættismenn hvar sem þeir voru unnu að því að koma henni í framkvæmd.

6. **Hlé og veitingar.** Gert var hlé á umræðum og konur fengu sér kaffi og nutu veitinga sem í boði voru. Eftir kaffihlé héldu umræður áfram um stund.

7. **Fundarlok.** Formaður þakkaði Helgu komuna og framlagið og færði henni rós að gjöf. Þá þakkaði formaður Þórunni húsaskjólíð með rós og þakkaði þeim sem komið höfðu með veitingarnar. Þórunn settist við flygilinn og stjórnaði fjöldasöng Fundi slitið kl. 10.00.

GGÓ, fundarritari.